



Alþingi
Erindi nr. P 143/475
komudagur 2.12.2013

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 2. desember 2013

1311102SA GB
Málalykill: 401

Efni: Umsögn um frv. um breytingar á barnaverndarlögum, 186. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 25. nóvember 2013, þar sem óskað er umsagnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga um ofangreint mál. Jafnframt er vísað til umfjöllunar um málið á fundi fulltrúa sambandsins og fleiri aðila með velferðarnefnd 26. nóvember sl.

Almennt um frumvarpið

Frumvarpið var samið í samráði við sambandið og var efni þess bæði kynnt í stjórn sambandsins sl. vor og á fundi félagsþjónustunefndar sambandsins 9. október sl. Í niðurstöðu nefndarinnar segir eftirfarandi:

„Félagsþjónustunefndin er sammála því að leið þrjú verði farin en starfshópurinn hefur lagt slíkt til. Leið þrjú felur í sér að breyta þarf lögnum til fyrra horfs, þ.e. eins og löggin voru að þessu leyti í barnaverndarlögum, nr. 80/2002 en semja þarf frumvarp þess efnis. Félagsþjónustunefndin leggur til að sambandið boði til fundar með Barnaverndarstofu vegna áframhaldandi samráðs um vinnslu barnaverndarmála og þróun samstarfs milli Barnaverndarstofu og sveitarfélaga.“

Ástæður þeirra breytinga sem lagafrumvarpið gerir ráð fyrir eru skýrðar ítarlega í greinargerð með frumvarpinu. Samstaða var í starfshópi velferðarráðherra um að fara þá leið sem frumvarpið gerir ráð fyrir þar sem ekki tókst að tryggja fjárhagslegan grundvöll fyrir samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um forsendur og framkvæmd tilfærslunnar.

Ástæða er til þess að minna á að fulltrúi sambandsins í starfshópi sem vann tillögur að þeim lagabreytingum, sem leiddu til setningar laga nr. 80/2011, gerði á sínum tíma skýran fyrirvara um að ekki væri rétt að lögfesta þessa breytingu fyrr en búíð væri að ganga frá samkomulagi um breytinguna. Þessi fyrirvari var áréttaður gagnvart Alþingi við meðferð frumvarps sem varð að lögum nr. 80/2011. Fulltrúar sambandsins og Reykjavíkurborgar hafa engu að síður reynt sitt ýtrasta, í ágætu samstarfi við fulltrúa ríkisins, til að finna lausn á málinu en það hefur ekki tekist þrátt fyrir góðan vilja af beggja hálfu.

Ljóst var frá upphafi að aukið fjármagn þyrfti til uppbyggingar nýrra úrræða á vegum Barnaverndarstofu. Frá því að lög nr. 80/2011 voru sett hefur ekki orðið sá viðsnúningur í fjármálum ríkisins að raunhæft sé að gera ráð fyrir því að aukið fjármagn fái til uppbyggingar nýrra úrræða á vegum Barnaverndarstofu. Við núverandi aðstæður er því ekki ljóst hvenær hægt verður að hefja byggingu nýs heimilis fyrir börn.



Af hálfu Reykjavíkurborgar, sem rekur tvö vistheimili skv. 84. gr., sem ráðgert var að flyttust á forræði Barnaverndarstofu, er lögð áhersla á að það sé ekki ásættanlegt gagnvart starfsfólki þessara heimila að fresta gildistöku laganna enn um sinn og halda þar með við því óvissuástandi sem starfsfólkið hefur þurft að búa við frá setningu laganna. Sambandið tekur eindregið undir það sjónarmið borgarinnar.

Einnig hafa komið fram þau sjónarmið við vinnslu málsins að óraunhæft sé að stofnun slíks heimilis muni ná því markmiði laganna að þjóna landinu öllu, til þess sé landið einfaldlega of strjálbýlt, og barnaverndarnefndir muni því í mörgum tilvikum frekar kjósa önnur úrræði, nær heimabyggð, frekar en að nýta sér vistheimili skv. 84. gr. Lagabreytingin mun því að öllum líkindum ekki tryggja jafnt aðgengi barna að vistunúrræði skv. 84. gr., sem var markmiðið með upphaflegri tillögu starfshóps um endurskoðun barnaverndarlaga.

Við vinnslu málsins sáu fulltrúar sambandsins jafnframt fram á að fyrirhuguð gjaldtaka fyrir dvöl á öllum vistheimilum í umsjá Barnaverndarstofu, þ.á m. Stuðlum, gæti bitnað mjög misjafnlega á sveitarfélögum, en fram til þessa hefur slík vistun verið sveitarfélögunum að kostnaðarlausu. Gjaldtaka fyrir sík úrræði er sérstaklega umhugsunarverð í ljósi þess að fyrirsjáanlega myndi aðeins hluti sveitarfélaga nýta sér nýtt úrræði skv. 84. gr., þ.e.a.s. ef fjármagn fengist til að koma slíku úrræði í rekstur, sem ekki virðist raunhæfur möguleiki við núverandi aðstæður.

Með vísan til framangreinds er það afstaða Sambands íslenskra sveitarfélaga að hvorki hafi reynst unnt að uppfylla faglegar né fjárhagslegar forsendur lagabreytinga sem snúa að tilfærslu vistheimila skv. 84. gr. barnaverndarlaga frá sveitarfélögum til ríkisins. Sambandið er því sammála því að hverfa frá tilfærslunni ásamt áformum um gjaldtöku fyrir vistun barna á vistheimilum Barnaverndarstofu.

Um afstöðu Barnaverndarstofu til frumvarpsins

Á fundi fulltrúa sambandsins og fleiri aðila með velferðarnefnd 26. nóvember sl., kom fram að Barnaverndarstofa væri ósammála efni frumvarpsins. Þessi afstaða Barnaverndarstofu er aðeins tiltölulega nýlega orðin opinber. Rétt þykir að upplýsa að fulltrúi Barnaverndarstofu í starfshópi sem vann að undirbúningi fyrirhugaðrar tilfærslu vistheimila tók líf sinn þátt í þeirri vinnu sem þar fór fram og liggur fyrrgreind afstaða hans ekki fyrir í fundargerðum starfshópsins. Komið hefur fram að fulltrúi Barnaverndarstofu hafi skilað séráliti til ráðuneytisins en það sérálit var ekki kynnt fyrir öðrum fulltrúum í starfshópnum. Sambandið gerir alvarlega athugasemd við þessa furðulegu stjórnsýslu ráðuneytisins og Barnaverndarstofu.

Þessi afstaða Barnaverndarstofu breytir hins vegar ekki afstöðu sambandsins til málsins og er það álit sambandsins að almenn samstaða sé um það á meðal sveitarfélaga að hverfa frá þeirri ákvörðun sem mörkuð var með lögum nr. 80/2011, um flutning vistheimila skv. 84. gr. og fyrirhugaða gjaldtöku.



Um forgangsröðun á sviði barnaverndarmála

Á fundi með velferðarnefnd ræddu fulltrúar sambandsins um mikilvægi þess að horfa ekki einangrað á þetta tiltekna mál heldur þyrfti að ræða það í tengslum við þörf fyrir að forgangsráða verkefnum á sviði barnaverndar. Ljóst er að fjármagn til málaflokksins er ekki ótakmarkað, allra síst við núverandi aðstæður í ríkisfjármálum. Óraunhæft er að lögfesta tillögu um verkefnaflutning sem ekki er raðað efst í forgangsröð verkefna innan málaflokksins. Í því samhengi vill sambandið vekja athygli velferðarnefndar á eftirfarandi:

1. Fyrir liggur að velferðarráðuneytið og Barnaverndarstofa hafa sett það í forgang að efla starfsemi Barnahúss, í þeim tilgangi að sporna gegn kynferðisofbeldi gegn börnum. Um þetta atriði vísast m.a. til frumvarps til fjárukalaga 2014 og gerir sambandið ráð fyrir að almenn sátt ríki um þessa forgangsröðun fjármuna til málaflokksins.
2. Einnig liggja fyrir tillögur í fjárukalagafrumvarpi um útgjöld til nýrra úrræða sem snúa annars vegar að samningi við Akureyrarkaupstað um nýtt úrræði fyrir barn með fjölpættan vanda og hins vegar breytingum á meðferðarheimilinu Háholti fyrir unga afbrotamenn. Áætlaður rekstrarkostnaður þessara nýju úrræða er á árinu 2014 áætlaður um 125 m.kr.
3. Einnig liggja fyrir tillögur starfshóps um málefni barna og ungmenna með fjölpættan vanda en gert er ráð fyrir að samið verði um það, í tengslum við endurmat á forsendum tilfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga, hvernig þjónusta við þennan hóp verði tryggð. Sambandið hefur lagt á það áherslu að hér er um forgangsverkefni að ræða sem þarf að leysa sem fyrst og er að áliti sambandsins mjög brýnt að fjármagn verði tryggt í þeim tilgangi að af þessari breytingu geti orðið.

Lokaorð

Með vísan til framangreindra verkefna telur sambandið eins og áður segir ekki líklegt að nýtt úrræði skv. 84. gr. barnaverndarlaga geti hafið rekstur á næstunni. Á fundinum með velferðarnefnd var hins vegar rætt um möguleika á að veita fjármagni til þess að Barnaverndarstofa geti aukið ráðgjöf sína til barnaverndarnefnda í erfiðum málum með því að koma á fót hreyfanlegu teymi sérfræðinga. Sambandið telur slíkt úrræði geta verið raunhæfara að hrinda í framkvæmd og telur sambandið líklegt að barnaverndarnefndir hefðu mikinn áhuga á að nýta sér þá þjónustu, þótt vistunarúrræði yrðu valin í heimabyggð. Rétt þykir einnig að benda á að almennt þykir það í bestu samræmi við þarfir og hagsmuni barna að þau geti haldið áfram að búa í sinni heimabyggð.

Einnig telur sambandið tilefni til að áréttta það sem rætt var á fundinum með velferðarnefnd, að félagsþjónusta sveitarfélaga hefur eflst mikið á síðustu árum, m.a. í tengslum við tilfærslu málaflokks fatlaðs fólks til sveitarfélaga. Geta sveitarfélaga til þess að taka á erfiðum málum hefur því aukist umtalsvert en án efa væri styrkur að því fyrir sveitarfélögin að eiga kost á



meiri ráðgjöf frá Barnaverndarstofu en almennt hefur verið kostur á, með því að koma á hreyfanlegu teymi.

Sambandið hefur einnig fundað nýverið með Barnaverndarstofu til að ræða möguleika á að auka og bæta samstarfið milli sveitarfélaga og Barnaverndarstofu.

Sambandið styður samkvæmt framansögðu að frumvarpið verði að lögum en lýsir sig jafnframt reiðubúið til að skoða aðrar leiðir til að bæta þjónustu á sviði barnaverndarmála um land allt.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri